

**Efnahags- og  
viðskiptaráðuneyti**

**Minnisblað**

Viðtakandi: **Viðskiptanefnd**  
Sendandi: **Efnahags- og viðskiptaráðuneytið**  
Dagsetning: **14.08.2011**  
Málsnúmer: **EVR09100276**  
Bréfalykill: **5.1**

Efni: Umsagnir um frumvarp til laga um ökutækjatryggingar

Viðskiptanefnd bærust þrettán umsagnir, þar af níu efnislegar, vegna frumvarps efnahags- og viðskiptaráðherra um ökutækjatryggingar. Helstu atriði sem fram koma í umsögnunum verða nú rakin.

*Almennar athugasemdir*

Í umsögn SFF er tekið undir það sem fram kemur í athugasemdum við frumvarpið, að skráningar- og váttryggingarskylda ökutækja verði að fara saman. Ef frumvarp til umferðarlaga, mál 495, verður að óbreytt að lögum þá skilur nokkuð á milli ökutækja sem eru skráningarskyld skv. umferðarlögum og ökutækja sem er skyld að ábyrgðartryggja skv. frumvarpi þessu. Að óbreyttu er nauðsynlegt að kveða sérstaklega á um skráningarskyldu ökutækja í frumvarpi þessu. Ráðuneytið leggur því til að nýrri grein verði bætt við frumvarpið, 4. gr. (Skráningarskylda) svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði umferðalaga um skráningarskyldu ökutækja skulu ökutæki skv. 1.mgr. 3. gr. skráningarskyld samkvæmt lögum þessum. Umferðarstofa annast skráningu og ákveður form.

Númeraröð ákvæða frumvarpsins og tilvísanir breytast í samræmi við tillöguna.

Með þessari breytingu er tryggt að öll þau ökutæki sem skyld er að ábyrgðartryggja séu jafnframt skráningarskyld, en skráning er forsenda þess að unnt sé að hafa eftirlit með váttryggingarskyldu. Þó er vert að benda á, líkt og kemur fram í umsögn SFF, að réttlætanlegt getur verið að undanskilja ákveðnar tegundir ökutækja váttryggingarskyldu. Samkvæmt 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2009/103/EB, um ökutækjatryggingar, er heimilt að víkja frá meginreglunni um lögbundna ábyrgðartryggingu þegar kemur að ákveðnum gerðum ökutækja og var sú leið farin m.a. í Finnlandi, Noregi og Danmörku. Ráðuneytið leggur til að sett verði inn reglugerðarheimild í 2. mgr. 24. gr. frumvarpsins sem heimilar ráðherra að undanþyggja ákveðnar tegundir ökutækja skráningar- og váttryggingarskyldu s.s. rafmagnshjólástóla. Sjá nánar í umfjöllun um 24. gr.

*Athugasemdir við 3. gr. (skilgreiningar)*

SFF leggur til að tveimur nýjum skilgreiningum, sem nú er að finna í öðrum greinum frumvarpsins, verði færðar í 3. gr. frumvarpsins til einföldunar. Ráðuneytið er sammála tillögunni og leggur til að við 3. gr. bættist tvær nýjar málsgreinar:

Aðildarríki er ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, aðili að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjar.

Umráðamaður er sá aðili sem hefur varanleg umráð ökutækis.

Þessi tillaga kallar á breytingar á nokkrum ákvæðum frv. sem eru listaðar upp aftast í skjalinu

*Athugasemdir við 4. gr. (Grundvöllur ábyrgðar o.fl.)*

Í umsögn SFF er lagt til að bætt verði við 2. mgr. 4. gr. ákvæði sem kveði á um að ábyrgðartrygging ökutækis nái ekki til eftir-, tengi-, festivangna eða annarra tækja sem eru fest varanlega eða tímabundið við skráningarskylt vélknúið ökutæki í notkun enda telst það þá vera eitt ökutæki. Ráðuneytið leggst gegn þessari breytingu frá núverandi skilgreiningu, enda er hún lítið sem ekkert rökstudd og er í andstöðu við áralöng fordæmi dómstóla um váttryggingarskyldu vegna notkunar ökutækis.

*Athugasemdir við 8. gr. (Slysaftrygging ökumanns og eiganda)*

Í umsögn SFF er lagt til að slysaftrygging ökumanns og eiganda verði takmörkuð við ákveðin ökutæki. Hin samfélagslegu sjónarmið sem búa að baki slysaftryggingu ökumanns og eiganda samkvæmt umferðarlögum eiga að mati SFF ekki við um ökutæki sem notuð eru til íþróttaiðkunar af ýmsu tagi s.s. torfæruhjól. Ekki sé um samgöngutæki að ræða sem séu þjóðhagslega nauðsynleg, heldur sé notkun slíkra ökutækja ákvörðun hvers og eins til tómsunda sem sé eðlisskylt eignahaldi og notkun á t.d. skemmtibátum, svífdrekum og öðrum tómsundatækjum sem fela í sér mikla áhættutöku. Eðlilegt sé að eigandur slíkra tækja geri ráðstafanir varðandi þær váttryggingar sem tengjast tómsundaiðkun sinni. Á hinn bóginn sé mikilvægt að áfram hvíli váttryggingarskylda gagnvart tjóni þriðja manns.

Skilgreining tilskipunar 2009/103/EB á hugtakinu ökutæki nær til torfæruhjóla og annarra slíkra tækja. Efni tilskipunarinnar snýr þó aðeins að ábyrgðartryggingu, þ.e. að tryggja að þriðja manni verði bætt það tjón sem hann verður fyrir vegna notkunar ökutækja. Ekkert er því þess til fyrirstöðu að undanskilja ákveðnar tegundir ökutækja frá slysaftryggingu ökumanns og eiganda. Ráðuneytið er sammála þessari tillögu og leggur til eftirfarandi breytingu á orðalagi 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins:

Auk ábyrgðartryggingar skv. 7. gr. skal hver ökumaður sem stjórnar ökutæki sem ætlað er til notkunar á vegi í almennri umferð tryggður sérstakri slysaftryggingu, enda hafi hann ekki notað ökutækið í algeru heimildarleysi, sbr. 1. mgr. 6. gr.

SFF leggur einnig til að skýrt verði kveðið á um að tjón á fatnaði, hlífðarbúnaði og öðrum munum fái ekki bætt úr slysaftryggingu ökumanns og eiganda, enda sé eðlilegt að tjón á munum fái bætt úr munaftryggingu. Ráðuneytið hefur vissar efasemdir um þessa tillögu, enda er hér um að ræða mikla breytingu frá núverandi framkvæmd. Almenna reglan hefur verið sú að ökumaður skuli vera eins settur og þriðji maður.

*Athugasemdir við 10. gr. (Váttryggingariðgjald)*

Ráðuneytið leggur til eftirfarandi orðalagsbreytingu á 10. gr. frumvarpsins:

Váttryggingariðgjald ökutækis hvilir sem lögveð á ökutækinu, einnig þótt váttryggt sé fyrir hærri fjárhæð en lögboðið er, og gengur í eitt ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum sem á því hvílir nema sköttum til ríkissjóðs. Á grundvelli slíks lögveðs má krefjast nauðungarsölu á ökutæki án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms.

Fyrst og fremst er um að ræða orðalagsbreytingu, þó er lagt til í samræmi við tillögu í umsögn Jónasar Guðmundssonar, sýslumanns í Bolungarvík að lögveðsréttur haldist ekki lengur en að hámarki eitt ár frá gjalddaga. Þetta er gert til þess að auka líkur þess að tryggingarfélög hefji innheimtuaðgerðir hið fyrst og komi þá úr umferð, verðlitlum ökutækjum þegar hætta er á að verðgildi þeirra hrökkvi ekki fyrir kostnaði við vörslusviptingu og nauðungarsölu.

*Athugasemdir við 11. gr. (Lok váttryggingar)*

SFF bendir á að ákvæði 3. mgr. 11. gr. sé úrelt, þar sem ekki tíðkast lengur að ökutækjatrýggingar séu færðar á milli ökutækja, heldur er stofnuð ný trygging í hvert skipti. Ráðuneytið leggur því til að 3. mgr. 11. gr. frumvarpsins verði felld niður.

*Athugasemdir við 12. gr. (Vanskil. Úrræði)*

Almennt var mikil ánægja meðal umsagnaraðila með ný úrræði vegna vanskila. Nokkrar ábendingar bárust þó um hvernig hægt væri að færa framkvæmd til betri vegar.

Í ákvæðinu er lagt til að Umferðarstofu verði veitt heimild til að vörslutaka ökutæki, á kostnað eiganda eða umráðamanns ökutækis, hafi váttryggingariðgjald ekki verið greitt innan tilskilins frests og í framhaldi þess að bjóða viðkomandi ökutæki upp. Með tilliti til þeirra athugasemda sem bárust þá telur ráðuneytið óþarfi að Umferðarstofa sé milliliður um framkvæmdina. Með 10. gr. frumvarpsins er váttryggingarfélögum veittur lögveðsréttur í ökutækjum vegna iðgjalda. Á grundvelli þess réttar hafa váttryggingarfélögin heimild til þess að krefjast vörslusviptingar og nauðungarsölu á ökutækjum án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms sbr. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu.

Ráðuneytið leggur því til að 12. gr. frumvarpsins orðist með eftirfarandi hætti.

Þegar váttrygging er fallin úr gildi vegna vanskila, sbr. 1. mgr. 11. gr, getur váttryggingafélag, er greiðsluáskorun hefur verið send sbr. 9. gr. laga um nauðungarsölu, óskað eftir heimild til vörslutöku ökutækis í beiðni um nauðungarsölu skv. 59. gr. laganna. Vörslutaka skv. 1. málsl er framkvæmd á kostnað og ábyrgð eiganda eða umráðamanns ökutækisins og nýtur lögveðsréttar skv. 10. gr.

*Athugasemdir við 18. gr. frumvarpsins (Greiðsluskilyrði og endurkröfuréttur váttryggingafélags)*

Ráðuneytið leggur til, í samræmi við tillögu SFF, breytingu á 2. mgr. 18. gr. frumvarpsins til að hnykkja enn fremur á rétti váttryggingafélaga til endurkröfu:

Nú hefur váttryggingafélag greitt bætur skv. 7. gr. og á þá félagið endurkröfurétt á hendur hverjum þeim sem valdið hefur tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Lækka má endurkröfu með hliðsjón af sök tjónvalds, efnahag hans, fjárhæð tjónsins eða öðrum atvikum. Enn fremur á váttryggingafélag endurkröfu á tjónvald hafi tjón verið greitt eftir að váttrygging er fallin niður skv. 13. gr.

*Athugasemdir við 24. gr. frumvarpsins (Reglugerðarheimildir)*

Í umsögn SFF er réttilega bent á að ekki kemur fram í tilskipun 2009/103/EB að heimilt sé að takmarka að hve miklu leyti ábyrgðartrygging ökutækis skuli bæta tjón sem hlýst erlendis. Ráðuneytið leggur því til að reglugerðarheimild ráðherra skv. b. lið 2. mgr. 24. gr. verði látin niður falla. Jafnframt er lagt til að reglugerðarheimild ráðherra skv. d. lið 2. mgr. 24. gr. verði felld niður en sú breyting leiðir af tillögur til breytinga á 12. gr. frumvarpsins. Að lokum er lagt til að bætt verði við nýrri reglugerðarheimild í samræmi við umfjöllun hér að ofan um skráningar - og váttryggingarskyldu.

*Athugasemdir við 25. gr. frumvarpsins (Eftirlit):*

Fram kemur í umsögn SFF að samtökin telja æskilegt að Fjármálaeftirlitið sinni eftirliti með framkvæmd laga þessara fremur en Umferðarstofa. Ráðuneytið er ósammála þeirri ábendingu en leggur til í samræmi við umsögn Vinnueftirlitsins að eftirlit með framkvæmd laganna verði í höndum Umferðarstofu og Vinnueftirlitsins sem eru þeir opinberu aðilar sem hafa besta yfirsýn hvað þessi mál varðar. Vinnueftirlitið heldur skrá utan um vinnuvélar hér á landi og ætti að vera falið að hafa eftirlit með framkvæmd laga um ökutækjatrýggingar hvað varðar vinnuvélar.

Ráðuneytið leggur til eftirfarandi breytingar á 25. gr. frumvarpsins:

Umferðarstofa og Vinnueftirlit ríkisins hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglna setta samkvæmt þeim. Um heimildir þeirra fer samkvæmt ákvæðum laga þessa, umferðarlaga og laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Í samræmi við ofangreinda tillögu leggur ráðuneytið til breytingu á 11 og 13. gr. frumvarpsins.

*Aðrar athugasemdir:*

Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga er óskað eftir því að nefndin ræði sérstaklega hver eigi að vera ábyrgð tryggingarfélaga á greiðslu kostnaðar við aðkomu slökkviliða að umferðaróhöppum s.s. vegna hreinsun á olíu og glerbrotum.

## BREYTINGARTILLAGA

1. gr.

3. gr. frumvarpsins ásamt fyrirsögn orðast svo:

*Skilgreiningar*

Ökutæki telst hvert það vélknúna tæki sem ætlað er til aksturs á landi og eingöngu er knúið áfram af aflvél, þó ekki tæki sem renna á teinum eða meiðum. Eftirvagn telst einnig ökutæki, hvort sem hann er tengdur öðru ökutæki eða ekki.

Ökutækjategygging er ábyrgðartrygging skv. 6. gr. og slysatrygging ökumanns og eiganda skv.

7. gr.

Aðildarríki er ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, aðili að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færejar.

Umráðamaður er sá aðili sem hefur varanleg umráð ökutækis.

2. gr.

Á eftir 3. gr. frumvarpsins kemur ný grein er orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði umferðalaga um skráningarskyldu ökutækja skulu ökutæki skv. 1.mgr. 3. gr. skráningarskyld samkvæmt lögum þessum. Umferðarstofa annast skráningu og ákveður form.

3. gr.

7. gr. frumvarpsins, er verður 8. gr. orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Ábyrgðartrygging ökutækis.*

Greiðsla á bótakröfu vegna tjóns sem hlýst af notkun ökutækis skal vera tryggð með ábyrgðartryggingu hjá:

- a. váttryggingafélagi sem hefur starfsleyfi til að taka að sér ábyrgðartryggingu ökutækja, eða
- b. erlendu váttryggingafélagi sem hefur starfsleyfi í öðru aðildarríki, enda hafi Fjármálaeftirlitinu verið tilkynnt á lögformlegan hátt að það taki að sér ábyrgðartryggingu ökutækja

hér á landi.

Öll váttryggingafélög sem taka að sér ábyrgðartryggingu ökutækja hér á landi skulu vera aðilar að Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf. og taka þátt í starfsemi tjónsuppgjörsmiðstöðvar skv. 16. gr. og upplýsingamiðstöðvar skv. 17. gr.

Váttryggingafélag sem hyggst taka að sér ábyrgðartryggingu ökutækja hér á landi skal auk þessa tilkynna það Umferðarstofu.

Ábyrgðartrygging ökutækja skal tryggja bætur vegna líkamstjóns eða vegna missis framfæranda allt að 2.178 millj. kr. og vegna tjóns á munum allt að 392 millj. kr. sem hlýst af hverjum einstökum tjónsatburði.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum Fjármálaeftirlitsins, að breyta váttryggingarfjárhæðum skv. 4. mgr.

4. gr.

8. gr. frumvarpsins, er verður 9. gr. orðast svo ásamt fyrirsögn:

#### *Slysatrygging ökumanns og eiganda*

Auk ábyrgðartryggingar skv. 7. gr. skal hver ökumaður sem stjórnar ökutæki sem ætlað er til notkunar á vegi í almennri umferð tryggður sérstakri slysatryggingu, enda hafi hann ekki notað ökutækið í algeru heimildarleysi, sbr. 1. mgr. 6. gr.

Váttryggingin skal tryggja bætur fyrir líkamstjón af völdum slyss, sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækisins, enda verði slysið rakið til notkunar ökutækis í merkingu 4. gr.

Slasist váttryggingartaki sem farþegi í eigin ökutæki eða af völdum þess skal hann eiga rétt til bóta úr váttryggingu þessari, enda verði líkamstjónið rakið til notkunar ökutækis í merkingu 4. gr.

Váttryggingin skal tryggja hverjum tjónþola bætur allt að 163 millj. kr. vegna hvers einstaks tjónsatburðar. Váttryggt skal hjá sama váttryggingafélagi og ábyrgðartryggir ökutækið. Um ákvörðun bótafjárhæðar fer eftir I. kafla skaðabótalaga.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum Fjármálaeftirlitsins, að breyta váttryggingarfjárhæðum skv. 4. mgr.

Ef tjónþoli á rétt á skaðabótum vegna slyssins eftir lögum þessum eða öðrum skaðabótareglum lækka bætur úr þessari váttryggingu sem því nemur.

5. gr.

10. gr. frumvarpsins, er verður 11. gr. orðast svo ásamt fyrirsögn:

#### *Váttryggingariðgjald.*

Váttryggingariðgjald ökutækis hvilir sem lögveð á ökutækinu, einnig þótt váttryggt sé fyrir hærri fjárhæð en lögboðið er, og gengur í eitt ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum sem á því hvílir nema sköttum til ríkissjóðs. Á grundvelli slíks lögveðs má krefjast nauðungarsölu á ökutæki án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms.

6. gr.

11. gr. frumvarpsins, er verður 12. gr. orðast svo ásamt fyrirsögn:

#### *Lok váttryggingar.*

Hafi iðgjald, auk áfallins kostnaðar, eigi verið greitt innan 14 daga frá sendingu tilkynningar skv. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga fellur váttrygging ökutækis úr gildi. Váttryggingafélagið skal þá þegar senda tilkynningu um það til Umferðarstofu eða Vinnueftirlits ríkisins eftir atvikum. Falli váttrygging úr gildi af annarri ástæðu en vanskilum skal félagið tilkynna það Umferðarstofu, eða Vinnueftirlits ríkisins eftir atvikum, þegar eftir að váttryggingin er úr gildi fallin.

Jafnframt tilkynningu skv. 2-3. málslíð 1. mgr. skal félagið gera umráðamanni ökutækis og eiganda, svo og váttryggingartaka eftir atvikum, viðvart og kynna honum réttaráhrif slíkrar tilkynningar. Félagið skal ekki senda tilkynningu skv. 1. mgr. ef það hefur vitneskju um að ökutækið hafi verið váttryggt hjá öðru félagi eða það hafi verið afskráð.

Tilkynning skv. 1. mgr. verður ekki gefin svo gilt sé, ef váttryggingin er upphaflega tekin vegna annars ökutækis og vanskilin stafa frá tíma áður en váttryggingin var færð yfir á hið nýja ökutæki.

7. gr.

12. gr. frumvarpsins, er verður 13. gr. orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Vanskil. Úrræði.*

Þegar váttrygging er fallin úr gildi vegna vanskila, sbr. 1. mgr. 11. gr, getur váttryggingafélag, er greiðsluáskorun hefur verið send sbr. 9. gr. laga um nauðungarsölu, óskað eftir heimild til vörslutöku ökutækis í beiðni um nauðungarsölu skv. 59. gr. laganna. Vörslutaka skv. 1. máls er framkvæmd á kostnað og ábyrgð eiganda eða umráðamanns ökutækisins og nýtur lögveðsréttar skv. 10. gr.

8. gr.

13. gr. frumvarpsins, er verður 14. gr. orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Réttarstaða tjónþola.*

Enda þótt ábyrgðartryggingin sé fallin úr gildi ber félagið áfram ábyrgð gagnvart þriðja manni á sérhverju tjóni sem verður þar til mánuður er liðinn frá því að váttryggingafélagið sendi Umferðarstofu eða Vinnueftirliti ríkisins tilkynningu skv. 1. mgr. 11. gr.

Váttryggingafélagið ber ekki ábyrgð gagnvart öikumanni, eiganda eða umráðamanni eftir að tilkynning skv. 1. mgr. 11. gr. hefur verið send.

9. gr.

16. gr. frumvarpsins, er verður 17. gr. orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Tjónsuppgjörsmiðstöð.*

Fjármálaeftirlitið skal viðurkenna tjónsuppgjörsmiðstöð sem greitt getur bætur vegna tjóns af völdum ökutækis, ef

- a. tjónþoli er búsettur hér á landi,
  - b. ökutækið er váttryggt og að öllu jöfnu staðsett í öðru aðildarríki, eða ef ökutækið er óþekkt, eða ef ekki er unnt að hafa upp á váttryggingafélagi því sem váttryggði ökutækið, og
  - c. tjónið varð í öðru aðildarríki eða í öðru ríki sem er aðili að tilhöguninni um græna kortið.
- Tjónsuppgjörsmiðstöð á enn fremur að geta greitt bætur vegna tjóns af völdum ökutækja sem váttryggð eru hér á landi, ef
- a. tjónþoli er búsettur í aðildarríki,
  - b. ökutækið er að jafnaði staðsett í öðru aðildarríki en því þar sem tjónþoli er búsettur, og
  - c. tjónið varð í öðru aðildarríki en því þar sem tjónþoli er búsettur, eða öðru ríki sem er aðili að tilhöguninni um græna kortið.

10. gr.

17. gr. frumvarpsins, er verður 18. gr. orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Upplýsingamiðstöð.*

Fjármálaeftirlitið skal viðurkenna upplýsingamiðstöð til að aðstoða við öflun grundvallarupplýsinga sem eru nauðsynlegar við meðferð tjónamáls ef tjónþoli er búsettur hérlendis, ökutækið er váttryggt eða að öllu jöfnu staðsett hér, eða tjónið varð hér á landi. Þetta gildir þó því aðeins að

- a. tjónþoli sé búsettur í aðildarríki,
- b. ökutækið sé váttryggt og að öllu jöfnu staðsett í aðildarríki,
- c. tjónið hafi orðið í aðildarríki eða öðru ríki sem er aðili að tilhöguninni um grænt kort.

11. gr.

24. gr. frumvarpsins, er verður 25. gr. orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Reglugerðarheimild.*

Ráðherra setur reglugerðir um:

- a. váttryggingar vegna notkunar ökutækja í keppni í akstursíþróttum á vegi sem er lokaður annarri umferð eða á afinörkuðu svæði utan vega og kveður þar á um frávik frá reglum um grundvöll bótaábyrgðar og váttryggingu,
- b. starfsháttu endurkröfunefndar skv. 19. gr., þar á meðal um hvernig váttryggingafélög senda nefndinni gögn um bótakröfur, og
- c. framkvæmd váttryggingarskyldunnar, þar á meðal um skyldu váttryggingafélaga til að taka þátt í gagnkvæmu ábyrgðarkerfi vegna tjóna af völdum óváttryggðra og óþekktra ökutækja og um skyldu váttryggingafélaga til að gefa út vottorð með upplýsingum um skaðabótakröfur vegna tjóns sem varða váttryggt ökutæki eða að ekki sé um slíkar kröfur að ræða.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerðir um:

- a) þátttöku váttryggingarfélaga í alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf., tjónsuppgjörsmiðstöð skv. 16. gr. og upplýsingamiðstöð skv. 17. gr.,
- b) undanþágur frá skráningar- og váttryggingarskyldu skv. lögum þessum vegna ákveðinna ökutækja.
- c) greiðslu bóta vegna tjóna er ökutæki, sem undanþegin eru váttryggingarskyldu skv. 2. og 3. mgr. 9. gr., valda erlendis,
- d) greiðslu bóta frá tjónsuppgjörsmiðstöð og um starfsemi hennar skv. 16. gr. Hann getur enn fremur kveðið um nánari reglur um meðferð bótakrafna hjá váttryggingafélögum og tjónsuppgjörfulltrúum váttryggingafélaga skv. 11. tölul. 1. mgr. 19. gr. laga um váttryggingastarfsemi,
- e) starfsemi upplýsingamiðstöðvar skv. 17. gr., þar á meðal hvaða upplýsingar falla undir 1. mgr., og um skyldu váttryggingafélaga og tjónsuppgjörfulltrúa skv. 3. mgr. 15. gr. til að láta upplýsingamiðstöð skv. 1. mgr. og upplýsingaskrifstofum í öðrum aðildarríkjum í té upplýsingar, og
- f) nánari framkvæmd laga þessara.

12. gr.

25. gr. frumvarpsins, er verður 26. gr. orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Eftirlit.*

Umferðarstofa og Vinnueftirlit ríkisins hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglna setta samkvæmt þeim. Um heimildir þeirra fer samkvæmt ákvæðum laga þessa, umferðarlaga og laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

